

Eitrunarmiðstöðin

Eitrunarmiðstöðin rekur símaþjónustu allan sólarhringinn 543 22 22, þar sem gefnar eru ráðleggingar um viðbrögð við eitrunum og upplýsingar um eitrefni. Þessi þjónusta er starfrækt fyrir alla landsmenn. Mikilvægt er að brugðist sé skjótt og rétt við eitrunum og í mörgum tilfellum má leysa málið með leiðbeiningum frá starfsfólki eitrunarmiðstöðva án þess að til frekari meðferðar þurfi að koma.

Eitrunarmiðstöðin tekur þátt í forvarnarstarfi með þátttöku í ýmsum verkefnum sem miða að því að koma í veg fyrir eitranir.

Eitrunarmiðstöðin safnar upplýsingum um eitranir á Íslandi til að vera betur í stakk búin til að veita góða og markvissa þjónustu.

Eitrunarmiðstöðin stundar rannsóknir á eitrunum.

Eitrunarmiðstöðin gefur út fréttabréf fyrir heilbrigðisstarfsmenn sem dreift er á heilsugæslustöðvar.

Eitrunarmiðstöðin heldur fræðslufyrirlestra um eitranir fyrir heilbrigðisstarfsmenn og aðra sem eftir því óska.

Símaráðgjöf

Á Eitrunarmiðstöðinni er símaþjónusta allan sólarhringinn í síma 543 22 22